

Föstudaginn 24. janúar 1992.

Nr. 143/1988. **Björn Emilsson**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

Sláturfélagi Arnfirðinga.

Endurkrafa. Útivist í Hæstarétti. Fjárnám. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut hinum áfrýjaða dómi til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1988 og hinni áfrýjuðu fjárnámssgerð að fengnu áfrýjunarleyfi 27. september sama ár með stefnu 28. sama mánaðar. Hann gerir svofelldar dómkröfur: „aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 11. febrúar (sic) verði ómerkt og málinu vísað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar, en til þrautavara, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt og á þá leið, að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda.“ Þá krefst áfrýjandi þess, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms svo og, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var ekki sótt þing af hálfu stefnda.

Aðalkrafa áfrýjanda kemur ekki fram í áfrýjunarstefnu, sbr. 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa henni frá Hæstarétti.

Áfrýjandi færir fram þau rök fyrir varakröfu sinni, að rétt hefði verið að fresta málinu, er það var tekið fyrir öðru sinni á bæjarþingi Kópavogs 11. febrúar 1988 og þingsókn féll niður af hálfu stefnda, þar eð lögmaður hans hafi þá haft lögmæt forföll vegna veikinda. Þessi fullyrðing er engum gögnum studd. Verður því að hafna varakröfunni.

Prautavarakröfu sína um sýknu styður áfrýjandi þeim rökum, að viðskiptum sínum og stefnda hafi lokið þannig, að hann skuldi stefnda ekkert, heldur þvert á móti.

Í stefnu til Hæstaréttar er gerður áskilnaður um að leggja fram ný gögn og til að bera fram málsástæður og rök fyrir sýknukröfu. Þessu stóðu skilyrði í 45. gr. laga nr. 75/1973 í vegi, eins og hér stóð á samkvæmt framansögðu, enda var látið við þenna áskilnað sitja. Samkvæmt því ber að dæma málið á sama grunni og það var dæmt í héraði.

Að frátalinni 9.000 króna reikningsskuld áfrýjanda við stefnda er áfrýjandi endurkrafinn í málinu um ýmsar greiðslur, sem hann stóð fyrir af hálfu hins stefnda félags á árunum 1983 og 1984, er hann sá um rekstur þess. Þær telur stefndi sér óviðkomandi, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Skorti fylgiskjöl í bókhaldi stefnda fyrir ýmsum þessara greiðslna og skýringar á tilurð þeirra og tilefni. Fjárhæðir þær, sem krafist er endurgreiðslu á, eru í samræmi við framlögð gögn í héraði. Verður við það að miða, að ágreiningur málsaðila lúti eingöngu að því, hvort til greiðslna þessara hafi verið stofnað í þágu stefnda eða áfrýjanda sjálfs, og þar með, hver sé að lögum greiðsluábyrgð á þeim þeirra í milli. Ljóst er, að brýnt var, að aflað væri um þetta tiltækra gagna og skýrslna í málinu. Eins og atvikum málsins er háttað, hlaut sú gagnaöflun að mæða mjög á áfrýjanda. Fyrir þá sök raskar útivist hans í héraði óhjákvæmilega réttarstöðu hans í málinu.

Samkvæmt framansögðu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, sem ekki sætir andmælum út af fyrir sig.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann með hliðsjón af útivist stefnda 30.000 krónur.

Á það skorti, að málalíbúnaður í héraði væri nægilega skýr og skilvirkur, einkum að því er varðar uppsetningu kröfugerðar, aðgreiningu einstakra þátta hennar og reifun þeirra. Er þetta aðfinnsluvert.

Verulegir agnúar eru á dómsgerðum í máli þessu og ágripi þeirra að því leyti, að þar er margt torlæsilegt. Verður að átelja þetta.

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Björn Emilsson, greiði stefnda, Sláturfélagi Arnfirðinga, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 22. febrúar 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. desember sl., af Sláturfélagi Arnfirðinga, Bildudal, nnr. 8189-4515, gegn Birni Emilssyni, nnr. 1327-0570, Kársnesbraut 59, Kópavogi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 673.655,76 kr., auk [nánar tilgreindra vaxta]. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að stefndi hafi að verulegu leyti séð um rekstur stefnanda árin 1983 og 1984. Skuldin væri til komin vegna ýmissa úttekta stefnanda, ýmist á peningum hjá stefnanda eða vörum eða þjónustu óviðkomandi stefnanda, en stefndi hafi látið stefnanda greiða. Á mót nefndum úttektum hafi stefndi lagt fram reikninga frá einkafyrirtæki sínu fyrir vinnu sína hjá stefnanda. Stefnandi mótmælir þessum reikningum sem allt of háum, og hafi stefnandi boðist til að greiða helming nefndra reikninga, og væri tekið tillit til þess í stefnufjárhæð. Þá hafi stefndi lagt fram reikning fyrir sturtuvagni, og hafi einnig verið tekið tillit til þess í stefnufjárhæð. Í upphafi árs hafi stefnandi átt útistandandi hjá stefnda 9.000 kr. frá fyrra ári. Hinn 13/10 1983 hafi stefndi látið millifæra 100.000 kr. út af reikningi stefnanda yfir á viðskiptareikning sinn. Hinn 28/12 1983 hafi stefndi tekið út 190.000 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda. Hinn 11/1 1984 hafi stefndi tekið 82.354 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda. Hinn 2/4 1984 hafi stefndi tekið 15.340 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda. Hinn 10/4 1984 hafi stefndi tekið 7.500 kr. út af bankareikningi stefnanda. Hinn 6/12 1983 hafi stefndi tekið vörur út hjá Málningu h/f fyrir samtals 6.958,76 kr. Vörurnar hafi verið færðar í viðskiptareikning stefnanda, sem hafi greitt úttektina 27/1 1987. Sonur stefnda, Emil Björnsson, hafi kvittað fyrir móttöku varanna. Hinn 27/1 1984 hafi stefndi tekið ýmsar vörur út hjá Ofnasmiðjunni h/f. Staðgreiðslunóta væri rituð út á einkafyrirtæki stefnda, enda hafi vörurnar ekki verið ætlaðar til nota fyrir stefnanda. Stefndi hafi hins vegar látið stefnanda greiða vörurnar, samtals 18.000 kr. Hinn 27/2 1984 hafi stefndi látið stefnanda greiða reikning vegna aksturs sendibífreiðar með rusl fyrir einkafyrir-

tæki sitt, samtals 740 kr. Hinn 25/2 1984 hafi stefndi greitt 8.283 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda fyrir vöru og þjónustu til Barkar h/f, sem hafi verið stefnanda óviðkomandi. Hinn 11/7 1984 hafi stefndi tekið 18.000 kr. með ávísun út af bankareikningi stefnanda. Þá hafi stefnandi verið krafinn um greiðslu á 400.000 kr. vegna kaupa hans á tveimur frystigámum. Frystigáma þessa hafi stefndi keypt í eigin nafni, en hins vegar látið stefnanda borga þá. Frystigámar þessir hafi aldrei nýst stefnanda né heldur komist í vörslur stefnanda. Samanlagðar nemi fjárhæðir þessar 856.202,76 kr.

Á móti framangreindum úttektum stefnda hafi hann lagt fram reikninga. Reikningur, dagsettur í febrúar 1984, að fjárhæð 60.000 kr., fyrir 5 tonna sturtuvagni, sem stefndi hafi selt stefnanda. Til þessa reiknings sé tekið tillit að fullu. Þá hafi stefndi einnig lagt fram 12 reikninga frá einkafyrirtæki sínu, Teiknistofunni Laugavegi 96. Samtals væru reikningar þessir upp á 245.094 kr. Stefnandi hafi boðist til að greiða stefnda helming þessarar fjárhæðar fyrir störf sín hjá stefnanda. Stefnandi hafi aldrei samið um það við Teiknistofuna Laugavegi 96, að menn á hennar vegum ynnu fyrir sig. Samið hafi verið beint við Björn Emilsson um, að hann starfaði hjá stefnanda sem launþegi, en alls ekki, að hann legði fram reikninga frá einkafyrirtæki sínu, þar sem gerð væri krafa um útselda vinnu. Þannig væru 122.547 kr. dregnar frá úttektum stefnda vegna endurgjalds til hans fyrir vinnu sína fyrir stefnanda. Samanlagðar nemi þessar fjárhæðir 182.547 kr. Þegar þessi fjárhæð hafi verið dregin frá ofangreindum úttektum stefnda hjá stefnanda, sé stefnufjárhæðin fundin, 673.655,76 kr.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra og sérstakra reglna kröfuréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga auk almennra reglna samningaréttarins.

Af hálfu stefnda var sótt þing, þegar málið var þingfest 14. janúar 1988, en er málið var tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi 11. febrúar sl., féll þingsókn niður af hálfu stefnda. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málkostnaður ákveðst 83.452 kr., þ.m.t. söluskattur.

Dóminn kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Björn Emilsson, greiði stefnanda, Sláturfélagi Arnfirðinga, Dýrafirði, 673.655,76 kr. auk 32% ársvaxta af 673.655,76 kr. frá 1.1. '85 til 1.2. '85, en 3,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.3. '85, en 4% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.6. '85, en 3,5% mánaðar-

vaxta frá þeim degi til 1.9. '85, en 3,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.3. '86, en 2,75% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.4. '86, en 2,25% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.3. '87, en 2,5% mánaðarvaxta frá þeim degi til 1.6. '87, en 33,6% ársvaxta frá þeim degi til 1.7. '87, en 36% ársvaxta frá þeim degi til 1.8. '87, en 40,8% ársvaxta frá þeim degi til 1.9. '87, en 42% ársvaxta frá þeim degi til 1.10. '87, en 43,2% ársvaxta frá þeim degi til 1.11. '87, en 45,6% ársvaxta frá þ.d. til 1.12. '87, en 49,2% ársvaxta frá þ.d. til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu vanskilavaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, en vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1986, og 83.452 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 16. maí 1988.

Ár 1988, mánudaginn 16. maí, var fógetaréttur Kópavogs settur að Kársnesbraut 59, Kópavogi, og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Guðgeiri Eyjólfssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið málið: Sláturfélag Arnfirðinga gegn Birni Emilssyni.

Fógeti leggur fram:

nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, dóm bæjarþings Kópavogs 22/2 1988 ásamt birtingarvottorði.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Bjarni Þór Óskarsson lögfr. og krefst fjárnáms fyrir 673.655,76 kr. með 32% ársvöxtum af 673.655,76 frá 1.1. '85 til 1.2. '85, 3,75% frá þ.d. til 1.3. '85, 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.6. '85, 3,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.9. '85, 3,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.3. '86, 2,75% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.4. '86, 2,25% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.3. '87, 2,5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 1.6. '87, 33,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.7. '87, 36% ársvöxtum frá þ.d. til 1.8. '87, 40,8% ársvöxtum frá þ.d. til 1.9. '87, 42% ársvöxtum frá þ.d. til 1.10. '87, 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.11. '87, 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.12. '87, 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu vanskilavöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, frá þ.d. til greiðsludags, 970 kr. í birtingarkostnað, 83.452 kr. í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, 4.412 kr. vegna gerðarbeiðni, kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboðs/innheimtuaðgerða, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en kostnað gerðarþola.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Anna L. Kristjánsdóttir, sem er hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarpöla, Kársnesbraut 59, Kópavogi.

Fallið var frá virðingu.

Fógæti gætti leiðbeiningarskyldu sinnar, skýrði þýðingu gerðarinnar og kvaðst myndu skýra gerðarpöla frá fjárnáminu með ábyrgðarbréfi.
